



AUKAÐING KSÍ 2021

ÞINGGERÐ

Aukaping KSÍ, 2. október 2021

Þinggerð

Þingsetning

Gísli Gíslason, 1. varaformaður KSÍ, flutti yfirlýsingu stjórnar:

Yfirlýsing fráfarandi stjórnar KSÍ, laugardaginn 2. október 2021.

Árið 1956 var síðast boðað til aukapings KSÍ. Eitt helsta málefni þess aukapings voru lagabreytingar og svo málefni Laugardalsvallar, m.a. áskorun til svokallaðrar Laugardalsnefndar um að flýta svo framkvæmdum Laugardalsvallar svo hann verði tilbúinn til notkunar 1957. Nú hefur hins vegar verið boðað til aukapings að kröfu formannafundar ÍTF frá 29. ágúst og níu félagi í 2.- 4. deild.

Kröfu formannafundar ÍTF um aukaping fylgdi einnig sú krafa að stjórn KSÍ og framkvæmdastjóri öxluðu sameiginlega ábyrgð á atburðum dagana 27. – 29. ágúst sl.

Formannafundurinn var einhuga um að knattspyrnuhreyfingin gæti ekki samþykkt að núverandi stjórn KSÍ og framkvæmdastjóri sambandsins leiði vinnu við að lagfæra þá hluti sem „farið hafa aflaga og skoða frá grunni þá menningu sem við lýði er innan knattspyrnuhreyfingarinnar.“

Sem kunnugt er sagði formaður stjórnar KSÍ af sér að morgni sunnudagsins 29. ágúst. Síðla þess dags sendi stjórnin frá sér yfirlýsingu þar sem eftirfarandi kemur fram:

„Kæru þolendur, við í stjórn Knattspyrnusambands Íslands trúum ykkur og biðjum ykkur innilega afsökunar. Við vitum að við sem ábyrgðaraðilar höfum brugðist ykkur og við ætlum okkur að gera betur. Stjórnin hefur fundað undanfarna daga um þær alvarlegu ásakanir sem beinst hafa að sambandinu að undanfögnu um þöggun kynferðisbrota. Við lítum málið afar alvarlegum augum. Nú þegar hefst vinna með utanaðkomandi fagaðilum um að endurskoða öll viðbrögð við kynferðisbrotum og ofbeldi innan hreyfingarinnar og hvernig staðið var og verður að stuðningi við þolendur. Faghópur verður settur á laggirnar og heitir stjórn KSÍ því að taka á þessum málum af alvöru og fylgja ráðleggingum faghópsins.“

Þá kom einnig fram í yfirlýsingunni að allir stjórnarmenn hafi íhugað stöðu sína, en til að tryggja órofna starfsemi sambandsins hafi niðurstaða stjórnar verið sú að skynsamlegt væri að hún sæti fram að næsta ársþingi KSÍ sem haldið verður í febrúar á næsta ári. Þessi áform urðu að engu með ályktun formanna félaganna innan ÍTF sem samþykkt var í miðri atburðarrásinni. Því var á fundi stjórnar mánudaginn 30. ágúst eftirfarandi samþykkt:

1. „Vinnu faghóps um endurskoðun viðbragða við kynferðisbrotum og ofbeldi innan hreyfingarinnar og hvernig staðið var og verður að stuðningi við þolendur verður áfram í forgangi.
2. Stjórnin mun áður en til þingsins kemur skila umboði sínu til aukapingsins og fulltrúar í stjórn, varafulltrúar og landshlutafulltrúar segja sig frá störfum fyrir KSÍ.
3. Framgangur málsins er í samræmi við áskoranir Íslensks Toppfótbolta, óskir fulltrúa félaga sem sent hafa áskorun um aukaping og þrýsting frá samfélaginu.
4. Stjórnin hefur fundað með forseta ÍSÍ um framgang málsins og um það hvernig best verður haldið um starfsemi KSÍ fram að aukapingi.

5. Fundað verður með fulltrúum UEFA og FIFA um stöðu málsins og fyrirhuguð stjórnarskipti þannig að ekki þurfi að koma til afskipta knattspyrnusambandanna að starfsemi sambandsins.“

Á þeim fundi sagði Ásgeir Ásgeirsson sig frá trúnaðarstörfum fyrir KSÍ.

Stjórn KSÍ óskaði eftir því við ÍSÍ að gerð yrði úttekt á þeirri atburðarrás sem leiddi til afsagnar formanns og fyrirhugaðrar afsagnar stjórnar KSÍ. Þess var óskað að úttektin og niðurstaða hennar yrði unnin eins fljótt og kostur er og er sú vinna komin af stað.

Sú alvarlega staða er uppi að tilteknir leikmenn karlalandsliðs Íslands eru sakaðir um ofbeldi og kynbundið ofbeldi. Slíkt hlýtur að kalla á umfjöllun og eftir atvikum viðbrögðum af hálfu forystu KSÍ, en tilkynningum sem borist hafa hefur verið komið í viðeigandi ferli.

Í hreyfingu með um 30.000 iðkendur er óviðunandi með öllu að þeir sem helst eiga að vera til fyrirmyndar bregðist trausti annarra. Ekki þarf að fara mörgum orðum um það hversu mikill heiður það er að vera fulltrúi Íslands á alþjóðavettvangi. En þeim heiðri fylgir ábyrgð og sú skylda að koma fram af ábyrgð. Það er hlutverk KSÍ að standa vörð um uppeldislegt gildi knattspyrnunnar og það er einnig hlutverk KSÍ að tefla fram landsliðum í alþjóðlegri keppni. Í þessu sambandi er einnig mikilvægt að minna á að KSÍ og félög innan sambandsins hafa heitið því að vinna gegn hvers konar ofbeldi, mismunun á grundvelli trúarskoðana, kynferðis, kynhneigðar, stjórnmalaskoðana og þjóðernis.

Þessum skuldbindingum verður að mæta með aðgerðum ef og þegar út af er brugðið.

Við undirrituð sem höfum setið í stjórn KSÍ og haft til þess skýrt umboð ársþings sambandsins urðum fyrir vonbrigðum með niðurstöðu formanna og þar með félaga innan ÍTF. En þegar svo stór hluti hreyfingarinnar kallar eftir afsögn stjórnarinnar er að sjálfsögðu ekkert annað í stöðunni en að verða við því ákalli og það varð að sjálfsögðu niðurstaða okkar.

Þrír fulltrúar í stjórn, fulltrúi ÍTF og einn í varastjórn KSÍ hafa ákveðið að gefa að nýju kost á sér til áframhaldandi starfa í bráðabirgðastjórn, sem kosin verður á þessu aukabingi KSÍ. Með því vilja þeir leggja sitt af mörkum til að þekking og reynsla nýtist áfram, að minnsta kosti til næsta ársþings, og njóta þeir til þess fulls trausts og stuðnings okkar sem víkjum af vettvangi.

Við hin sem eftir sitjum í stjórn, varastjórn og sem landshlutafulltrúar göngum ósátt frá borði enda brennum við fyrir fótboltann. En að því sögðu höfum við engu að síðar fullan skilning á þeirri stöðu sem upp er komin, því það eru heildarhagsmunir knattspyrnunnar og KSÍ sem eru ofar öllu öðru. Við öxlum því okkar ábyrgð og stígum auðmjúk til hliðar svo friður geti skapast um starfsemi hreyfingarinnar og hægt verði að byggja upp traust að nýju. Við bendum jafnframt stolt á þau framfaraskref sem stigin hafa verið í knattspyrnunni á síðustu árum og misserum m.a. við að bæta stöðu kvenna í knattspyrnu og jöfnun ferðakostnaðar aðildarfélaga.

Því skal haldið til haga að undirritaðir stjórnarmenn eru allir sjálfbóðaliðar í stjórn KSÍ. Við erum ekki gerendur í þeim málum sem til umfjöllunar hafa verið, en við berum ábyrgð á málsmeðferðinni. Við sem fulltrúar í stjórn KSÍ erum einstaklingar sem fordæmum hvers kyns ofbeldi.

Stjórn KSÍ hefur viðurkennt að hafa ekki brugðist við ábendingum um ofbeldi innan hreyfingarinnar með afgerandi og skýrum hætti og beðist afsökunar á því, en stjórnin hefur sett af stað vinnu sem án vafa mun leiða til framfara og faglegra vinnubragða í íþróttahreyfingunni. Við óskum jafnframt nýrri stjórn KSÍ velfarnaðar.

Þrátt fyrir að það sé ekki aðalefni þessa aukaðings er engu að síður tilefni til að taka upp þráðinn frá síðasta aukaðingi KSÍ fyrir 65 árum og skora á ráðamenn í þessu landi að byggja upp nýjan og glæsilegan þjóðarleikvang í knattspyrnu sem við getum öll verið stolt af.

Ágæti þingheimur. Við undirrituð segjum hér með af okkur öllum trúnaðarstöfum innan KSÍ en óskum iðkendum, starfsfólki og ekki hvað síst sjálfboðaliðum velfarnaðar á komandi árum, með þökk fyrir samskipti og samstarf.

Reykjavík 2. október 2021

Gísli Gíslason
Ragnildur Skúladóttir
Borghildur Sigurðardóttir
Ingi Sigurðsson
Orri Vignir Hlökkversson
Jakob Skúlasón
Björn Friðþjófsson
Tómas Þóroddsson
Jóhann Króknes Torfasón
Guðjón Hálfðánarson
Þóroddur Hjaltalín
Valgeir Sigurðsson
Þorsteinn Gunnarsson
Magnús Gylfasón
Bjarni Birkisson

Klara Bjartmarz, framkvæmdastjóri KSÍ, tók næst til máls og lagði fram þá tillögu að þingforsetum verði falið að staðfesta lögmæti þingsins, þegar þingfulltrúar hafa kosið þingforseta.

Sú tillaga var samþykkt af þingfulltrúum.

Framkvæmdastjóri KSÍ gerði tillögu um eftirtalin í kjörbréfanefnd:

Katla Guðjónsdóttir, formaður
Gísli Gunnar Oddeirsson
Harpa Frímansdóttir

Tillagan var samþykkt og kjörbréfanefnd tók þegar til starfa.

Framkvæmdastjóri KSÍ gerði tillögu um 1. og 2. þingforseta:

1. þingforseti: Þórir Haraldsson
2. þingforseti: Helga Guðrún Guðjónsdóttir

og voru þau bæði samþykkt af þingfulltrúum. Þingforseti tók því næst við þingstjórn.

Þingforseti staðfesti að boðað hafi verið til þingsins í samræmi við lög KSÍ. Bar hann lögmæti þingsins undir þingheim og var lögmæti þingsins staðfest.

Þingforseti bar fram tillögu um 1. og 2. þingritara:

1. þingritari: Ágúst Ingi Jónsson
 2. þingritari: Dagur Sveinn Dagbjartsson
- og voru þeir báðir samþykktir og tóku þegar til starfa.

Ávörp gesta

Lárus Blöndal, forseti ÍSÍ.

Góðir þingfulltrúar. Dear representatives of FIFA and UEFA.

Það hefur mikið gengið á hjá KSÍ á undanförunum vikum. Ég vísa til þess sem fram kom í máli Gísla Gíslasonar hér áðan um aðdraganda þess að formaður KSÍ sagði af sér í lok ágúst og stjórn KSÍ ákvað að boða til aukabings og segja af sér ekki síðar en á því þingi.

Og hér erum við stödd á aukabinginu þar sem kjósa á stjórn til bráðabirgða fram að reglulegu þingi KSÍ í febrúar nk.

Það er ljóst að þessir atburðir sem hér hefur verið lýst, þær ásakanir sem fram hafa komið á KSÍ og sú staða sem KSÍ er nú komið í, kallar á ítarlega skoðun og greiningu á því sem þarna gerðist. Við hjá ÍSÍ höfðum nokkra aðkomu að lokametrum atburðarásarinnar í lok ágúst og þá fyrst og fremst til að tryggja að sambandið yrði áfram starfhæft. Verð ég að segja að stjórnarmenn KSÍ sýndu mikla ábyrgð og tryggð gagnvart starfi sambandsins þegar þeir ákváðu að sitja fram að aukabinginu í stað þess að ganga þegar í stað frá borði eins og krafist var og þeim hugnaðist best. Það hefði getað haft alvarlegar afleiðingar fyrir knattspyrnuhreyfinguna langt inn í framtíðina ef svo hefði farið.

Frá lokum ágúst til dagsins í dag hefur ýmislegt gerst.

KSÍ stofnaði starfshóp sem leggja á fram tillögur að úrbótum varðandi vinnulag og verkferla í tengslum við jafnrétti og kynferðisofbeldi bæði hjá KSÍ og innan félaganna. Hópurinn mun einnig leggja fram tillögur að því hvernig má vinna betur með viðhorf, kynjamenningu og þekkingu á málaflokknum innan knattspyrnuhreyfingarinnar, t.d. með því að bæta ákveðinni þekkingu inn í fræðslu o.fl.

Stjórn KSÍ fór þess á leit við ÍSÍ, þar sem ÍSÍ er eftirlitsaðili með sérsamböndum, að ÍSÍ setti á stofn nefnd til að gera úttekt á viðbrögðum og málsmeðferð KSÍ vegna kynferðisofbeldismála. ÍSÍ hefur skipað þá nefnd með utanaðkomandi sérfræðingum og er starf hennar í fullum gangi. Gert ráð fyrir að hún skili af sér ekki síðar en í nóvember nk. Í nefndinni eiga sæti Kjartan Bjarni Björgvinsson héraðsdómari, Rán Ingvarsdóttir lögfræðingur og Hafrún Kristjánsdóttir sálfræðingur. Verkefnum nefndarinnar er þannig lýst í verksamningi:

- Að framkvæma úttekt á viðbrögðum og málsmeðferð KSÍ, stjórnarmanna þess og starfsmanna vegna kvartana og ábendinga sem KSÍ hafa borist um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi innan hreyfingarinnar á árabílinu 2010 til 2021.
- Að leitast við að staðreyna eins og kostur er þá atburðarás sem leiddi til afsagnar formanns og fyrirhugaðrar afsagnar stjórnar KSÍ í september 2021 ásamt því að skoða ásakanir sem fram hafa komið m.a. um svokallaða „nauðgunar- og þöggunarmenningu“ innan sambandsins.
- Að staðreyna eins og kostur er hvaða vitneskja eða upplýsingar verið innan stjórnar og/eða starfsmanna KSÍ eða borist sömu aðilum um að leikmenn landsliða eða aðrir sem starfa fyrir KSÍ hafi beitt kynbundnu eða kynferðislegu ofbeldi á árunum 2010-2021.
- Að lýsa því hvernig eftirliti og viðbrögðum við slíkum atvikum var háttað innan KSÍ á fyrrgreindu tímabili.
- Að taka til athugunar hvort einhverjar þær aðstæður séu uppi innan KSÍ sem hamla þátttöku kvenna í starfseminni í tengslum við fullyrðingar sem fram hafa komið í opinberri umræðu um að KSÍ sé mjög karllægt samband og fráhrindandi fyrir konur. Í því sambandi verður skoðað hvort skipulag KSÍ eða aðrir þættir í starfseminni séu hamlandi fyrir þátttöku kvenna í starfinu.
- Að leggja grundvöll að tillögum um umbætur verkferla eða frekari viðbrögð ef ástæða þykir til.

Framkvæmdastjórn ÍSÍ hefur síðan skipað starfshóp til að skoða ferla, vinnubrögð og ekki síst heimildir til aðgerða þegar upp koma ásakanir um brot innan íþróttahreyfingarinnar.

Störf vinnuhópa KSÍ og ÍSÍ verða nýtt í þágu allrar íþróttahreyfingarinnar til að bæta starfið í öllum einingum hennar.

Það er því ýmislegt í gangi þessa stundina til að tryggja að allar upplýsingar verði upp á borðum varðandi störf KSÍ og að regluverk, verkferlar og úrræði séu til staðar ef bregðast þarf við ofbeldi eða öðrum brotum. Þessi viðbrögð KSÍ og ÍSÍ bera það með sér að þessu máli er tekið af mikilli alvöru.

Rétt er að minna á að frá upphafi me-too byltingarinnar hefur íþróttahreyfingin kappkostað við að bæta fræðslu, reglur og verkferla. Risastórt skref var stígið með stofnun embættis Samskiptaráðgjafa íþróttar- og æskulýðsstarfs sem Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra stóð fyrir í samráði við íþróttahreyfinguna. Samskiptaráðgjafinn tók til starfa vorið 2020. Í lögum um embættið er markmiðum þess lýst þannig:

- Markmið laga þessara er að íþróttar- og æskulýðsstarf fari fram í öruggu umhverfi og að börn, unglingar og fullorðnir, óháð kynferði eða stöðu að öðru leyti, geti stundað íþróttir eða æskulýðsstarf og leitað sér aðstoðar eða leitað réttar síns vegna atvika og misgerða sem eiga sér stað án þess að þurfa að óttast afleiðingarnar.

Embætti Samskiptaráðgjafa hefur reynst mjög vel þessi misseri sem hann hefur starfað. Það er enginn vafi á því að tilkoma hans er alger bylting frá því sem áður var. Með honum er komin farvegur fyrir mál hjá hlutlausum aðila sem tryggir réttláta málsmeðferð.

Samskiptaráðgjafinn er nú með vinnuhóp að störfum sem settur var á laggirnar í apríl sl. og hefur meðal annars það hlutverk að samræma ferla varðandi tilkynningar um atvik og viðbrögð þar að lútandi er varða þá aðila sem þjónusta embættisins snýr að.

Það er mjög skýrt í regluverki ÍSÍ og íþróttahreyfingarinnar í heild að ofbeldi er ekki liðið. Það er útgangspunktur sem engin afsláttur er gefin af. Þannig skal ÍSÍ berjast gegn hvers kyns mismunun og ofbeldi í íþróttum, hvort sem um er að tefla mismunun vegna kynþáttar, trúarbragða, stjórnmalaskoðana, kynferðis, kynhneigðar eða af öðrum toga. Þá ber ÍSÍ að vinna að því að tryggja að í íþróttum ríki drengskapur og að ofbeldi verði bannað.

Það er hins vegar ekki svo að hægt verði að koma alfarið í veg fyrir ofbeldi – því miður. Komi upp ofbeldi af einhverju tagi þá eigum við að hafa og höfum verkfæri til að takast á við það og leysa úr því á sem vandaðastan hátt.

Íþróttastarfið er mjög mikilvægur þáttur í lífi langflestra fjölskyldna á landinu. Við verðum að tryggja það góða og öfluga starf haldi áfram að gefa af sér inn í þjóðfélagið og gegni sínu mikilvæga uppeldisstarfi.

Sjálfbóðaliðar eru fjársjóður sem íþróttastarfið byggir að stóru leyti á. Áætlað er að yfir 30 þúsund sjálfbóðaliðar starfi innan íþróttahreyfingarinnar. Þeir gegna ýmsum hlutverkum. Þeir sitja í stjórnnum sambanda, félaga, deilda, foreldrafélaga og svo mætti lengi telja. Þeir koma líka að framkvæmd íþróttakeppna af öllu tagi. Án þessa öfluga sjálfbóðaliðastarfs væri íþróttastarfið ekki svipur hjá sjón. Við þurfum að hugsa um sjálfbóðaliðana sem starfa innan íþróttahreyfingarinnar og að efla þá, bæði með fræðslu og upplýsingum, sem og að tryggja að umhverfið sem þeir starfa í sé þannig að fólk gefi kost á sér sem sjálfbóðaliðar.

Ég vil þakka þeim stjórnarmönnum sem nú eru að hverfa á braut úr stjórn KSÍ og einnig Guðna Bergssyni fráfarandi formanni, fyrir þeirra framlag til íþróttastarfsins. Á síðustu árum hafa landslið Íslands í knattspyrnu bæði karla og kvenna náð frábærum árangri svo allur heimurinn hefur tekið eftir og furðað sig á. Slíkur árangur næst ekki nema að baklandið sé til staðar og starfi vel.

Ég vil líka óska þeirri stjórn sem mun taka við stjórnartaumunum á þessu aukabingi velfarnaðar í sínum störfum og veit að í höndum þeirra muni starfið áfram blómstra. Það er mikill heiður að taka sæti í stjórn Knattspyrnusambands Íslands en því fylgir líka mikil ábyrgð.

Ég vil að lokum fagna því að kona verði nú kjörin formaður KSÍ í fyrsta sinn og einnig því að fjórir af níu stjórnarmönnum verði konur.

Áfram Ísland.

Takk fyrir.

Emily Shaw, UEFA's Head of Executive Office.

Emily flutti kveðju frá forseta UEFA, Aleksander Ceferin og jafnframt árnaðaróskir til varðandi formanns KSÍ. Hún benti á þann sögulega viðburð að Vanda Sigurgeirsdóttir yrði ekki aðeins fyrsta konan til að gegna formennsku í KSÍ, heldur væri hún fyrsta konan til að gegna formennsku hjá knattspyrnusambandi innan aðildarsambanda UEFA. Þá þakkaði hún starfslíði og fráfarandi stjórn fyrir þeirra störf í þágu íslenskrar knattspyrnu.

Emily tók sérstaklega fram að Ísland nyti mikillar virðingar innan knattspyrnuhreyfingarinnar um allan heim. Árangur Íslands, bæði í knattspyrnu karla og kvenna, væri öðrum þjóðum, stórum sem smáum, fordæmi og að það væri ástæða til að vera stolt af þeim árangri sem hefði náðst.

Hún sagði jafnframt að þrátt fyrir erfiðar vikur að undanförmu, þá væri hægt að draga lærdóm af því sem gerst hefði. KSÍ væri nú í þeirri stöðu að geta horft fram á veginn.

Ávarp Emily á ensku:

It's a great honour to be here in Iceland for this Extraordinary Congress – I promise to keep this speech short and sweet.

I would like to start by sending the warm regards of our UEFA President, Aleksander Ceferin. He also extends his congratulations to the (soon to be confirmed) President of the Icelandic FA - Vanda Sigurgeirsdóttir.

What will happen in a few moments... is not just a historical moment for Iceland, it is also a historical moment for Europe. Vanda, you will be the first ever woman to be President of a UEFA member Association!

This is therefore alone something very positive to celebrate.

That said, we cannot forget the very unfortunate circumstances that brought us here today. And while these past weeks have been more than difficult - there is no doubt, that many invaluable lessons have been learned.

I want to thank the KSI administration, as well as the acting President, Gísli Gíslason and the other outgoing board members for their continued hard work and dedication - and ultimately enabling a smooth transition in leadership. Thank you for all you have given to Icelandic football, to the communities across this country over the many years.

Thanks to this smooth transition - KSI is now in a position where it can look up and move forward.

Vanda, you will not be alone of course. You will start this new KSI chapter with a great mix of fresh and experienced board members, a very experienced General Secretary, and of course all the highly qualified individuals working within the KSI administration.

I'm joined here with my colleague from FIFA - Laura Dijak. Laura and I will be waiting for your visit to Switzerland at both the Uefa and FIFA headquarters. You of course can also count on our support.

I'd like to close by making you all aware of something very important. Something which you should always remember.

The international football community has the highest respect for your federation, for what you achieved - for both men's and women's football. And I am not saying this to flatter you. And it is not because of your iconic slow hand clap.

You are THE example, that we use to motivate and inspire the other small, but also medium, and sometimes large (!), nations across Europe and the world. This is something for all of you, to be truly proud of.

Thank you for your attention - I wish you a great Congress and the best of luck for the exciting challenges ahead.

Takk fyrir.

Álit kjörbréfanefndar

Katla Guðjónsdóttir flutti álit kjörbréfanefndar.

Félag	Réttur til		Mæting
	Þingsetu	Mæting	
Afríka	1	0	
Afturelding	3	3	Sigurbjartur Sigurjónsson, Guðbjörg Fanndal Torfadóttir, Erla Eiríksdóttir.
Augnablik	1	0	
Álftanes	1	1	Björgvin Júníusson.
Árborg	1	1	Sigurður Sigurðsson.
Berserkir	1	1	Rúnar Sigurðsson.
Breiðablik	4	4	Helgi Aðalsteinsson, Bjarni Bergsson, Ingibjörg Auður Guðmundsdóttir, Jóhann Þór Jónsson.
Dalvík/Reynir	1	0	
Einherji	1	1	Tómas Guðjónsson.
FH	4	4	Valdimar Svavarsson, Hildur Jóna Þorsteinsdóttir, Viðar Halldórsson, Jón Rúnar Halldórsson.
Fjarðabyggð	2	2	Guðni Þór Magnússon, Jóhann Ingi Jóhannsson.
Fjölur	3	3	Kolbeinn Kristinsson, Geir Kristinsson, Steindór Birgisson.
Fram	3	3	Ásgrímur Helgi Einarsson, Elín Þóra Böðvarsdóttir, Valtýr Björn Valtýsson.
Fylkir	4	4	Stefanía Guðjónsdóttir, Ragnar Páll Bjarnason, Arnar Þór Jónsson, Júlíus Örn Ásbjörnsson.
GG	1	1	Gylfi Örn Öfjörð.
Grindavík	3	2	Haukur Einarsson, Þórhallur Ágúst Benónýsson.
Gróttta	3	2	Birgir Tjörvi Pétursson, Harpa Frímansdóttir.
Hamar	1	0	
Hamrarnir	1	0	
Haukar	3	3	Halldór Jón Garðarsson, Jón Björn Skúlason, Þórdís Rúriksdóttir.
HK	4	4	Frosti Reyur Rúnarsson, Davíð Freyr Albertsson, Hanna Carla Jóhannsdóttir, Louise Chrstina á Kósini.
Hvíti riddarinn	1	1	Hanna Símonardóttir.
Hörður Í.	1	0	

Höttur/Huginn	1	1	Guðmundur Bj. Hafþórsson.
ÍA	4	2	Magnús Guðmundsson, Margrét Ákadóttir.
ÍBV íþróttafélag	4	3	Óskar Snær Vignisson, Daníel Geir Moritz, Magnús Sigurðsson.
ÍH	1	0	
ÍR	2	2	Magnús Þór Jónsson, Margrét Jónsdóttir.
Ísbjörninn	1	0	
KA	4	2	Vignir Már Þormóðsson, Sævar Pétursson.
Kári	1	0	
KB	1	0	
Keflavík	4	4	Gunnar Oddsson, Rúnar Arnarson, Ólafur Bjarnason, Sigurður Garðarsson.
KF	2	0	
KFG	1	0	
KFR	1	1	Tinna Erlingsdóttir.
KFS	1	1	Hjalti Kristjánsson.
KH	1	0	
Kormákur/Hvöt	1	1	Lee Ann Maginnis.
KR	4	3	Bjarni Guðjónsson, Sigurður Örn Jónsson, Margrét Hafsteinsdóttir.
Kría	1	0	
KV	1	0	
Leiknir F.	2	2	Jón Bragi Magnússon, Ásgeir Páll Magnússon.
Leiknir R.	4	0	
Léttir	1	1	Auður Sólrún Ólafsdóttir.
Magni	2	2	Gísli Gunnar Oddgeirsson, Hjörtur Geir Heimisson.
Mídas	1	0	
Njarðvík	2	0	
Reynir S.	2	2	Sigursveinn Bjarni Jónsson, Ástrós Jónsdóttir.
Selfoss	4	4	Jón Steindór Sveinsson, Sævar Þór Gíslason, Hafþór Sævarsson, Svava Svavarsdóttir.
Sindri	1	0	
Skallagrímur	1	1	Jón Theodór Jónsson.
Snæfell	1	0	
Stjarnan	4	4	Sæmundur Friðjónsson, Gunnar Guðni Leifsson, Helgi Hrannarr Jónsson, Þorvaldur Örlygsson.
Tindastóll	4	1	Snæbjört Pálsdóttir.
Valur	4	4	E. Börkur Edvardsson, Sigurður K. Pálsson, Rósa María Sigurbjörnsdóttir, Bragi G. Bragason.
Vatnaliljur	1	0	
Vestri	3	3	Júlíus Ólafsson, Samúel Samúelsson, Daði Valgeir Jakobsson.
Víðir	1	1	Sólmundur Einvarðsson.
Víkingur Ó.	3	3	Hilmar Hauksson, Jónas Gestur Jónasson, Þorsteinn Haukur Harðarson.
Víkingur R.	4	4	Katla Guðjónsdóttir, Berglind Bjarnadóttir, Haraldur Haraldsson, Benedikt Sveinsson.

Vængir Júpíters	1	1	Kristinn Jóhann Laxdal.
Völsungur	2	2	Jónas H Friðriksson, Ármann Örn Gunnlaugsson.
Ýmir	1	1	Baldur Már Bragason.
Þór	3	2	Bjarni Sigurðsson, Sævar Eðvarðsson.
Þróttur V.	2	2	Kristinn Jón Ólafsson, Marteinn Ægisson.
Þróttur R.	4	3	Kristján Kristjánsson, Guðrún Skúladóttir, Kristófer Ólafsson.
Ægir	1	1	Guðbjartur Örn Einarsson.
	143	104	

Fyrirnefndir 104 fulltrúar (af 143) frá 47 félögum mættu til þings og voru kjörbréf þeirra einróma samþykkt.

Tillögur um önnur mál sem borist hafa til stjórnar teknar til afgreiðslu.

Engin mál bárust stjórn KSÍ.

Önnur mál

Enginn þingfulltrúi bað um orðið.

Kosningar

Álit kjörnefndar flutti Steinn Halldórsson formaður.

Í kjörnefnd eru:

Steinn Halldórsson, formaður
Ingibjörg Auður Guðmundsdóttir
Magnús Guðmundsson

Kosning formanns KSÍ til bráðabirgða:

Eitt framboð til embættis formanns barst:

Vanda Sigurgeirsdóttir

Vanda Sigurgeirsdóttir er því sjálfkjörin formaður KSÍ til næsta ársþings sambandsins sem fram fer í febrúar 2022.

Kosning átta manna í stjórn KSÍ til bráðabirgðar:

Eftirtaldir átta aðilar gáfu kost á sér í aðalstjórn:

Ásgrímur Helgi Einarsson
Borghildur Sigurðardóttir
Guðlaug Helga Sigurðardóttir
Helga Helgadóttir
Ingi Sigurðsson
Sigfús Kárasón
Unnar Stefán Sigurðsson
Valgeir Sigurðsson

Fleiri framboð bárust ekki og eru þau því sjálfkjörin.

Kosning þriggja varamanna til stjórnar til bráðabirgðar:

Eftirfarandi þrír aðilar gáfu kost á sér í varastjórn:

Kolbeinn Kristinsson
Margrét Ákadóttir
Þóroddur Hjaltalín

Fleiri framboð bárust ekki og eru þau því sjálfkjörin.

Kosning aðalmanna og varamanna landsfjórðunga til tveggja ára fór fram á ársþinginu 2020 og er því ekki kosið um þessi sæti í ár. Þar sem aðalfulltrúar landshluta hafa sagt af sér taka varafulltrúar þeirra sæti í stjórn en það eru þeir:

Ólafur Hlynur Steingrímsson, vesturland
Ómar Bragi Stefánsson, norðurland
Magnús Björn Ásgrímsson, austurland
Trausti Hjaltason, suðurland

Orrí Hlööversson var kosinn formaður ÍTF 18. febrúar síðastliðinn og leggur kjörnefnd til að aukabing KSÍ staðfesti setu hans í stjórn KSÍ til ársþings sambandsins í febrúar 2022.

Seta Orra í stjórn KSÍ var staðfest með öllum greiddum atkvæðum.

Þingforsetum og þingriturum var falið að ganga frá þinggerð.

Þingforseti þakkaði fyrir gott samstarf við framkvæmd aukabings KSÍ.

Því næst setti þingforseti það í hendur nýkjörins formanns KSÍ, Vöndu Sigurgeirsdóttur, að slíta þinginu.

Vanda mælti svo:

Kæru þingforsetar, starfsmenn þingsins, þingfulltrúar, starfsmenn KSÍ og gestir.

Mig langar að byrja á að þakka fráfarandi stjórn og formanni kærlega fyrir þeirra óeigingjarna starf í þágu knattspyrnuhreyfingarinnar og þar með okkar allra. Með þeim fer mikil reynsla og verður áskorun að fylla þeirra skörð. Þá vil ég þakka starfsfólki KSÍ, sem starfar ötullega að framgangi knattspyrnunnar, jafnvel gegnum öldusjó eins og þann sem verið hefur undanfarið. Þessir aðilar allir eiga allt okkar hrós skilið.

Sjálf hef ég verið partur af hreyfingunni nær allt mitt líf og á henni margt að þakka. Marga af mínum bestu eiginleikum tel ég mig hafa fengið frá fótbolthanum, bæði sem leikmaður, þjálfari, sjálfboðaliði og stjórnarmaður. Þessi hreyfing er frábær, fótboltinn er mögnuð íþrótt. Vinsæl hér á landi og út um allan heim, áhuginn gríðarlegur og áhorfið í samræmi við það.

Þrátt fyrir allt þetta góða í hreyfingunni verðum við að horfast í augu við erum að ganga í gegnum erfiða tíma - og þá er mikilvægt að við stöndum saman. Framundan eru óumflýjanlegar breytingar. Ég mun gera mitt besta til að leiða hreyfinguna áfram gegnum þessa umbrotatíma og ég er viss um að saman takist okkur það. Í öllum krísum felast tækifæri og okkar verkefni er að gera góða hreyfingu enn betri. Í því samhengi hef ég verið spurð hvað ég ætla að gera. Ég vil samvinnu og samtal. Ég vil hlusta á ykkur. Ég ætla að byrja strax á næstu vikum með samráðsfundum á netinu. Upp úr þeim fundum, ásamt samtölum við stjórn og starfsfólk vinnum við okkar aðgerðaráætlun.

Núna er mikilvægt að snúa bökum saman, snúa vörn í sókn og standa þétt við bakið á okkar fólki. Í þeirri orrahrið sem hefur staðið yfir undanfarnar vikur er sérlega mikilvægt að styðja við landsliðsþjálfara A liðs karla. Við þurfum að sýna stuðning og þolinmæði í þeirri endurnýjun sem framundan er.

Margir í samfélaginu hafa greint frá áhyggjum af stöðunni, þar á meðal samstarfsaðilar okkar og bakhjarlar. Ég skil þessar áhyggjur en ég vona að okkur takist að sannfæra þá um að halda áfram að vinna með okkur að góðum verkum.

Að lokum við ég segja að víða um heim, þar á meðal á Íslandi, hafa viðhorf til ofbeldis breyst og er það vel. Við þurfum öll að læra og meginreglan á að vera að við líðum ekki ofbeldi og þöggum ekki raddir þeirra sem telja á sér brotið. Þvert á móti, við hlustum á þolendur og skiljum þá ekki eftir í óvissu og vanlíðan með því að taka ekki á málum.

Við stjórnin og starfsmenn getum þetta ekki ein, þið verðið öll að koma með okkur. Við viljum öll halda áfram að byggja upp öflugt knattspyrnufólk, byggja upp landslið sem ná árangri og efla grasrótina en ég tel að við munum ekki ná þeim árangri nema að við horfumst í augu við að við verðum að breyta, verðum að fylgja tíðarandanum og verðum að standa í lappirnar gegn öllu ofbeldi. Íþróttahreyfingin á að vera fyrir alla, hún á að vera örugg og leiðandi í að efla einstaklinginn og undirbúa fyrir lífið. Barátta, læti, hiti, keppnisskap, það er fótboltinn en einelti, kynferðislegt ofbeldi, fordómar og ógeðis orðbragð er það ekki. Spilum með hjartanu, leiðum með hjartanu og gerum það sem er rétt. Notfærum okkur keppnisskapið okkar til að ná fram þeim breytingum sem við viljum og þurfum. Og eins og í öllu ætlum við okkur að verða best í þessum málaflökki.


Ég þakka starfsmönnum þingsins kærlega fyrir þeirra störf sem og þingfulltrúum. Einnig vil ég þakka nýju stjórninni kærlega fyrir að gefa kost á sér í verkefnið. Sem fyrsta konan í Evrópu til að taka við starfi formanns knattspyrnusambands þá langar mig að þakka ykkur öllum. Takk fyrir hvatninguna og allar kveðjurnar. Verum stolt af að tilheyra hreyfingu sem ætlar að taka sig á og fordæma ofbeldi.

Hér með slít ég aukaðingi KSÍ 2021. Takk fyrir mig og góða ferð heim.

Þórir Haraldsson
1. þingforseti



Ágúst Ingi Jónsson
1. þingritari



Helga Guðrún Guðjónsdóttir
2. þingforseti



Dagur Sveinn Dagbjartsson
2. þingritari

